



Reykjavík, 14. mars 2019
R19030112
6631
dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Hlemmur - reitur 1.240.0 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 14. mars 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. mars 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 6. mars 2019 á skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Hlemms, reits 1.240.0, ásamt fylgiskjölum. R19030112
Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Uppbygging og fasteignapróun í og við Hlemm hefur verið gríðarleg á undanförunum árum. Hlemmur plús er verkefni sem fór af stað fyrir meira en áratug síðan. Þar hefur risið fjöldi íbúða ásamt mikilli verslun og þjónustu. Næsta skref í verkefninu var opnun á Hlemmi Mathöll árið 2017 sem hefur hitað upp allt svæðið í kring. Þá er í undirbúningi stækkun á almannarými í kringum Hlemm í kjölfar skipulagssamkeppninnar á síðasta ári. Það er því bjart framundan á Hlemmi.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðisflokkur leggur áherslu á að flutningshúsið Norðurpóllinn sem stóð við Laugaveg 125 fái að njóta sín í upphaflegri mynd með kvisti sem byggður var við húsið. Hér er eingöngu verið að samþykkja lýsingu á hugmyndum en ekki útfærslu á endanlegu deiliskipulagi.

Ólöf Örvarsdóttir tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Helga Björk Laxdal
e.u.